



ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 131/1209*  
*komudagur 8.4.2005*

Alþingi  
Nefndasvið  
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. apríl 2005.  
Tilvísun: 2005030066

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, með síðari breytingum, 651 mál**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, með síðari breytingum, 651 mál.

Samkvæmt upplýsingum sem Alþýðusambandið hefur aflað sér og sem komið hafa fram í fjölmiðlum á síðust mánuðum hefur færst mjög í vöxt að undanförunu að fyrirtæki fái erlent verkafólk til starfa hér á landi, oft með ólöglegum hætti. Oft fer þessi starfsemi fram í skjóli svonefndra starfsmannaleiga eða á grundvelli þjónustusamninga, sem oftast eru málamyndagerningar. Upplýst er að í mörgum tilfellum eru laun og önnur starfskjör þessa erlenda verkafólks langt undir því sem gerist á íslenskum vinnumarkaði og standast hvorki kjarasamninga eða lög. Einnig er þessu verkafólki oft búnað aðstæður að öðru leiti sem eru með öllu óásættanlegar.

Ekki liggur fyrir heildarúttekt á þessari þróun en vísa má til könnunar sem samtök sveina og meistara í byggingariðnaði hafa gert á síðustu mánuðum í byggingariðnaði á höfuðborgarsvæðinu sérstaklega. Þar er fullyrt að aðeins í byggingariðnaðinum á höfuðborgarsvæðinu séu um 700 erlendir starfsmenn og að af þeim séu milli 250 og 300 notaðir í svartri atvinnustarfsemi. Ætla má að hliðstætt ástand gildi í byggingariðnaði og mannvirkjagerð víða um landi. Þá hefur ferðaþjónustan einnig verið nefnd ítrekað í þessu sambandi. Oft býr þetta erlenda verkafólk einnig við afar erfiðar aðstæður í húsnæði sem ekki er boðlegt.

Ljóst er að það ástand sem hér hefur verið lýst heggur að sjálfum grundvelli vinnumarkaðarins sem hér hefur verið byggður upp og þeim kjörum og réttindum sem samið hefur verið um eða verið fest í lög. Þannig eru það ekki eingöngu hið


erlenda verkafólk sem ber skaða af, heldur einnig vinnumarkaðurinn í heild og um leið þau fyrirtæki sem virða samninga og lög og þau viðmið sem hér gilda. Samhliða vegur svört atvinnustarfsemi að sjálfum grundvelli velferðarsamfélagsins sem hér hefur verið byggt upp.

Fyrir liggur að því frumvarpi til laga sem hér er til umfjöllunar er ætlað að treysta þann lagagrunn sem til staðar er og sem nota má til að stemma stigu við þeirri þróun sem lýst var hér að framan. Og ber að sjá efni þess í því ljósi.

Eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu er 1. og 2. gr. frumvarpsins ætlað treysta þann lagagrunn sem þegar er til staðar í lögum nr. 55/1980 og taka af öll tvímæli um gildissvið þeirra og rétt trúnaðarmanna til að afla upplýsinga ef grunur er um að verið sé að brjóta á rétti erlendra starfsmanna. Alþýðusambandið telur að slíkt geti styrkt, en áréttar að það telur hafið yfir allan vafa að ákvæði laganna eigi við um alla sem starfa á íslenskum vinnumarkaði, óháð þjóðerni eða uppruna þess fyrirtækis sem þeir starfa hjá. Þá á heimild trúnaðarmanna til upplýsinga að vera ótvíræð með þeirri breytingu sem gerð var á lögnum í lok síðasta árs og með tilvísun til samnings ASÍ og SA um sama efni.

Hvað varðar 3. grein frumvarpsins, þar sem mælt er fyrir um sektar og miskabótaheimild, þá telur Alþýðusambandið þetta ákvæði vera til mikilla bóta. Ljóst er að ekki er að finna í lögnum eins og þau eru nú sjálfstæða heimil til að sekta fyrirtæki sem brotleg eru gagnvart þeim. Þá er mikilvægt að fá inn heimild dómstóla til að ákveða viðkomandi starfsmönnum miskabætur og fjárhæð þeirra eftir eðli máls hverju sinni.

Virðingarfyllst,



Halldór Grönvold,  
aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ